

**Nr. 047 / 13 Mar GK 21*****Fær í skrúfunu og vélarvana***

Skipaskr.nr. 7050  
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast  
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.  
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m  
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m  
Vél: Yanmar 213 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 1



Mar©Guðmundur Birkir Aegnarsson

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 13. maí 2013 var Mar GK 21 á strandveiðum um 12 sml. suður af Grindavík. Veður: N 10 m/sek. og ölduhæð um 1 m.

Á veiðunum rak bátinn yfir rekakkerið svo það flæktist í skrúfunni þegar skipstjóri var að reyna að ná því inn. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að skera úr skrúfunni náði skipstjóri því ekki og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Árne í Tungu kom á staðinn með kafara sem skar úr skrúfunni.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipstjóri sagði að tógin í rekakkerið (tildráttartógið og niðurstöðutógið) hafi flækst saman og þess vegna hafi verið þungt að draga það inn. En það lá undir bátinn og ætlaði hann að bakka smávegis til að ná því undan en þá fóru þau í skrúfunu;
- að flóð var kl. 07:51 í Grindavík og samkvæmt sjávarfallaspá Siglingastofnunar kl. 08:00 var fall á staðnum 0,07 hnútar í 107° og kl. 09:00 var hraði straums 0,03 hnútar í 046°.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.